

KIRKJUR ÍSLANDS

Gersemar íslenskrar þjóðmenningar



**Þjóðminjasafn Íslands, Biskupsstofa
Húsafríðunarnefnd/Minjastofnun Íslands
Hið íslenska bókmenntafélag**



KIRKJUR ÍSLANDS er grundvallarritröð, sem fjalla mun um hinar 214 kirkjur á Íslandi er njóta friðunar.

Hinum friðuðu kirkjum er lýst með hliðsjón af byggingarlist, stílfræði og þjóðminjavörslu. Alþýðleg en um leið nákvæm umfjöllun um kirkjurnar, vafin glæsilegu myndefni, er saga listar og fólksins í landinu sem skóp trúnni ramma sem var í samræmi við efnahagslega getu þjóðarinnar og tíðarandann hverju sinni. Kirkjurnar sjálfar eru ekki aðeins musteri trúar, heldur er skreyting þeirra, kirkjugripir, messuskrúði og áhöld ásamt minningarmörkunum um hina látnu sýnileg tákmynd þess merkasta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma, hliðstætt því sem alþekkt er úr menningar- og listasögu annarra Evrópuþjóða.

KIRKJUR ÍSLANDS hafa hlotið lof gagnrýnenda fyrir vandaðan texta, fjölbreyttar myndskreytingar og það hversu vel þær kynna lesandanum hina margbreytilegu listsköpun brautryðjenda í húsagerð, sem oft og tíðum sóttu innblástur til erlendra fyrirmynda, þótt byggingararfleiðin væri séríslensk, að ógleymdum verkum handverksmanna og hagleikskvenna.

Birt er ágríp af sögu hvers kirkjustaðar og sjónum beint að þeirri kirkju sem nú stendur. Byggingarsaga hennar er rakin eftir tiltækum heimildum, henni lýst eins og hún er núna og vikið að byggingarlist hennar, formi og hlutföllum, innri gerð, rými og litavali. Að því búnu er fjallað um gripi og áhöld í máli og myndum, saga sögð svo sem heimildir ná og munimir settir í listsögulegt samhengi. Loks er greint frá markverðum minningarmörkunum, áletrunum og handverki og steinsmiðum.

Þótt íslensku kirkjurnar séu alla jafna hvorki háreistar né teljist til „mikilfenglegra mannvirkja“, reistar úr efni við, sem vart getur talist varanlegur og oftast en ekki bæði veðumæmum og viðhaldsfrekum, þá eiga þær sér merka sögu. Þegar betur er að gáð eru kirkjurnar margar hverjar smíðaðar af hagleik og þekkingu og geyma gripi og listmuni sem ein kynslóð af annarri hefur lagt ástfóstur við, ýmist af trúarlegum eða fagurfræðilegum ástæðum.

Umfjöllun um kirkjur hvers prófatsdæmis í kjölfar fyrstu fjögurra bindanna, er út komu hvert í sínu lagi, myndar síðan heildstætt verk, oftast tvö bindi saman, og er hvert prófatsdæmi um sig kynnt sem sjálfstæð eining með viðeigandi skrá og orðskýringum. Upplýsandi orða- og hugtakaskýringamar gagnast lesendum til að setja sig inn í hugmyndaheiminn sem fjallað er um.

Ljósmyndir, sem bækurnar prýða, hafa þeir tekið Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, en gamlar myndir eru fengnar úr myndasafni Þjóðminjasafns Íslands og öðrum söfnum stöku sinnum. Í bókunum eru birtar teikningar af öllum kirkjum sem um er fjallað, upphaflegar byggingarteikningar eru flestar fengnar á Þjóðskjalasafni Íslands. Þá hefur Húsfriðunarnefnd látið gera mælingarteikningar af þeim kirkjum sem ekki höfðu áður verið mældar og teiknaðar í sambandi við viðgerðir og endurbætur.

Aðalútgefendur eru Þjóðminjasafn Íslands, Húsfriðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa. Meðútgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag, sem annast alla dreifingu bókanna.

Að útgáfunni hafa einnig komið nokkur byggða- og minjasöfn í héraði, einstaka prófatsdæmi og stofnanir eins og Fornleifavernd ríkisins. Frá og með árinu 2013 er sameinað heiti Húsfriðunarnefndar og Fornleifaverndar; Minjastofnun Íslands, sem þar með er einn þriggja aðalútgefenda.

Mjög er vandað til allrar forvinnu og prentunar bókanna, sem með fjölda litmynda gerir verkið allt að einu stærsta safnríti listaverka sem út hefur komið á íslensku bókverki.

Ritstjóri hefur frá upphafi verið Þorsteinn Gunnarsson og ásamt honum Árni Björnsson, fjögurra fyrstu bindanna, og Jón Torfason frá og með fimmta bindi.

Ritnefnd hafa skipað Þorsteinn Gunnarsson, Margrét Hallgrímsdóttir, Karl Sigurbjörnsson, Agnes M. Sigurðardóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir og Nikulás Úlfar Mátsson.



Bindi nr. 1 – 2 – 3 – 4

Árnesprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-213-6 (settið)
159, 178, 184 og 284 bls.


Í fjórum fyrstu bindum ritraðarinnar er fjallað um friðaðar kirkjur í *Árnesprófastsdæmi*. Þau komu út eitt af öðru á árunum 2001–2003. Skrár og orðaskýringar fylgja hverju bindi. Bækurnar fást bæði stakar og nú einnig saman í belti, til samræmis við þau bindi af Kirkjum Íslands sem síðar hafa komið út.

Kirkjurnar í **Hruna** og **Tungufelli** eru með elstu timburkirkjum landsins. **Hrepphóla**kirkja er fagurlega skreytt innan af Stefáni Eiríkssyni myndskera. Í **Hraungerðiskirkju** eru forlata bakstursóskjur. **Villingaholt**skirkja er smíðuð af Jóni Gestssyni forsmið. **Ólafsvalla**kirkja skartar altarástöflu Baltasars. **Stóra-Núps**kirkja er með fegurstu kirkjum, teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni. Ásgrímur Jónsson málaði fyrir hana altarástöflu hvar Kristur sést halda Fjallræðuna í sunnlensku landslagi. **Búrfell**skirkja og **Mosfell**skirkja eru elstu timburkirkjur á Suðurlandi. **Miðdals**kirkja er listilega skreytt í nýklassískum stíl. Í **Bræðratungu** er snotur kirkja Rögnvaldar Ólafssonar og hefur að geyma kaleik frá 14. öld. Í **Torfastaðakirkju** eru kaleikur og patína Þorgríms Tómassonar. Á **Eyrbakka** er elsta tvílofta timburkirkja landsins, með altarástöflu Louise, drottningar Kristjáns IX Danakonungs. Í **Gaulverjabæjarkirkju** eru kaleikur og ljósfæri í barokkstíl. Á **Stokkseyri** er nýuppgerð kirkjan í sínum fyrri búningi. **Strandarkirkja** skartar eftirmynd Sigurðar Guðmundssonar málara af altarástöflu Dómkirkjunnar ásamt kaleik frá 14. öld í gotneskum stíl. Á **Kotströnd** er falleg kirkja, ein marga eftir Rögnvald Ólafsson. **Úlfjót**svatnskirkja ber altarástöflu og prédikunarstól Ófeigs Jónssonar á Heiðarbæ. **Pingvallakirkja** er með elstu timburkirkjum Suðurlands, prýdd í nýklassískum stíl. Altaristafla Ófeigs er þar, prédikunarstóll frá 1683 og merkar kirkjuklukkan, ein þeirra gefin af Jóni biskupi Vídalín, og sjálf Íslandsklukkan, sem fyrst var hringt 1944.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, ásamt frumteikningum og uppmælingarteikningum, sem gerðar voru í tilefni útgáfunnar.

Höfundar efnis eru Garðar Halldórsson, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Gunnar Bollason, Páll Lýðsson, Samúel Örn Erlingsson, Þór Magnússon og Þóra Kristjánsdóttir.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd og Biskupsstofa.



Bindi nr. 5 – 6

Skagafjarðarprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-172-0
291 og 319 bls.

Í *Skagafjarðarprófastsdæmi* eru 17 friðaðar kirkjur, sem lýst er í 5. og 6. bindi, sem út komu árið 2005.

Viðimýrarkirkja er elsta torfkirkja landsins og eitt merkasta byggingaristaverk íslenskt frá fyrri tíð, eftir Jón Samsonarson forsmið og alþingismann. **Sauðárkrókskirkja** er höfuðverk

Þorsteins Sigurðssonar kirkjusmiðs sem einnig er höfundur hinnar sérstæðu og áttstrendu **Silfrastaðakirkju** er geymir m.a. altarástöflu eftir Þorstein Guðmundsson málara frá Hlíð. Kirkjan á **Reynistað** er eftir Magnús Árnason forsmið, í nýklassískum stíl, með sérstæð kórskil og prédikunarstól yfir altari. Í **Hvammi** er snotur timburkirkja sem forsmiðimur Ólafur Briem og Þorlákur Þorláksson smíðuðu. Í **Sjávarborgarkirkju**, einni elstu timburkirkju landsins, er altarástafla eftir Jón Hallgrímsson frá Kasthvammi, í **Reykjakirkju** er tafla eftir Arngrím málara Gíslason. **Ketukirkja** skartar einu fegursta klukknaporti landsins og altarástöflu eftir Jóhann Briem listmálara. **Goðdalakirkja** er dæmi um vel heppnaða endurgerð.

Hóladómkirkja er elsta kirkja landsins, steinkirkja teiknuð af danska húsameistararum Laurids de Thurah og reist 1757–1763. Af kirkjulist hennar ber Hólabríkina hæst, erlent verk frá fyrri hluta 16. aldar, skímarsá Guðmundar Guðmundssonar frá Bjarnastaðahlíð og tvo forlata kaleika frá 13. öld, einnig róðukross jafngamlan bríkinni og alabastursbrík frá 15. öld; í kórgólfi er safn vel varðveittra minningarmarka frá síðmiðöldum. Torfkirkjan í **Gröf** er ævafoður að stofni, gerð af stafverki og fer undirvel í landinu; í henni er altari sem Guðmundur frá Bjarnastaðahlíð smíðaði. **Knappsstaðakirkja** er elsta timburkirkja landsins, reist 1840; altarið er smíðisgripur Flóvents Sigfússonar forsmiðs. Í **Hofskirkju** eru altarástafla og prédikunarstóll í barokkstíl frá miðri 17. öld, í **Viðvíkurkirkju** eru tvær altarástöflur, í **Fellskirkju** altari og prédikunarstóll eftir Árna Jónsson snikkara og í **Hofsstaðakirkju** altarástafla sem Jón Hallgrímsson frá Kasthvammi málaði.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, hafa tekið, ásamt frumteikningum og uppmælingarteikningum, sem gerðar voru í tilefni útgáfunnar.

Höfundar efnis eru Guðrún Harðardóttir, Gunnar Bollason, Hörður Ágústsson, Júlíana Gottskálksdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristján Eldjárn, Kristmundur Bjarnason, Sigríður Sigurðardóttir, Unnar Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Hjaltalín og Þórir Stephensen.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd, Biskupsstofa og Byggðasafn Skagfirðinga.



Bindi nr. 7 – 8

Húnavatnsprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-190-9
319 og 361 bls.

Í þessum bindum, sem út komu 2006, er fjallað um friðuðu kirkjurnar í *Húnavatnsprófastsdæmi*. Fjórar kirkjur eru Ströndum og sex í Vestur-Húnavatnssýslu, níu kirkjur tilheyra Austur-Húnavatnssýslu. Að venju fylgir formáli fyrra bindinu og viðeigandi skrár því síðara.

Timburkirkjurnar á Ströndum eru með elstu kirkjum landsins, smíðaðar um miðja 19. öld. **Árneskirkja**

er elst, frá 1850. **Kaldrananeskirkja** geymir smíðisgripi Einaris Gíslasonar á Sandnesi og **Staðarkirkja** í Steingrímsfirði kaleik og patínu sem Sigurður Þorsteinsson smíðaði 1746. **Kollafjarðarneskirkja** er fimmta elsta steinsteypukirkja landsins, teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara. **Staðarkirkja** í Hrótafirði er smíðuð af Sigurði Sigurðssyni og skreytt að innan á sérstæðan hátt. Halldór Bjarnason smíðaði kirkjurnar á **Staðarbakka** og í **Víðidalstungu** og sonur hans Vilhjálmur **Breiðabólstaðarkirkju**. Í **Víðidalstungu** er altarisstafla eftir Ásgrím Jónsson listmálara, á **Staðarbakka** fallegur minningarskjöldur eftir séra Svein Níelsson og á **Breiðabólstað** kaleikur og patína sem Helgi Þórðarson á Brandsstöðum smíðaði. **Kirkjuhvammiskirkja** er ein fárra kirkna landsins sem ómálaðar eru að innan og í **Vesturhópshólakirkju** er prédikunarstóll í barokkstíl sem Guðmundur Guðmundsson í Bjarnastaðahlíð smíðaði.

Pingeyrakirkja er meistaraverk Sverris Runólfssonar steinsmiðs, hlaðin 1864-1877. Meðal fjölmargra dýrgripa hennar eru prédikunarstóll og skímarfontur, erlend verk frá lokum 17. aldar, gefin af Gottrup lögmanni og konu hans, og altarisbrík af alabastri frá 15. öld. með umgerð og yfirmynd eftir Guðmund Pálsson myndskera; í forkirkju er stór og fallegur legsteinn yfir Gottrups-hjónin. **Hofskirkja** er elsta timburkirkja sýslunnar, smíðuð 1869-1870 af Sigurði Helgasyni forsmið. Þorsteinn Sigurðsson kirkjusmiður smíðaði sex kirkjur í sýslunni, þeirra sérkennilegust er **Auðkúlukirkja** sem geymir altarisöflu frá 18. öld eftir séra Jón Björnsson. **Holtastaðakirkja** geymir kaleik og patínu frá 16. öld, en **Bergsstaðakirkja** altarisöflu frá 1648. Í **Bólstaðarhlíðarkirkju** og **Svinavatnskirkju** eru silfurgrípir eftir Amór Amórsson á Gauksmýri og í **Undirfelliskirkju**, sem teiknuð er af Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara, tafla eftir Ásgrím Jónsson listmálara. **Blönduóskirkja** (eldri) er afhelguð en um hana er fjallað sem friðað mannvirki.

Höfundar efnis eru Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson, Jón Jónsson, Unnar Ingvarsson, Þorgeir Jónsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Hjaltalín og Þór Magnússon.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, hafa tekið, ásamt frumteikningum og uppmælingar-teikningum, sem gerðar voru í tilefni útgáfunnar.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd og Biskupsstofa.



Bindi nr. 9 – 10

Eyjafjarðarprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-206-8
371 og 353 bls.

Kirkjurnar í *Eyjafjarðarprófastsdæmi* eru viðfangs-efni 9. og 10. bindis, sem út komu árið 2007.

Við vestanverðan Eyjafjörð er **Bakkakirkja** í Öxnadal, ein elsta timburkirkja landsins, smíðuð 1842 af Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni, hann smíðaði einnig **Glæsibæjarkirkju** og **Möðruvalla-kirkju** í Hörgárdal sem Jón Chr. Stephánsson teiknaði. Í **Bægisárkirkju** er gömul altarisstafla með máluðum myndum úr píslarsögunni, í Glæsi-

bæjarkirkju og **Miðgarðakirkju** í Grímsey eru altarisöflu eftir Arngrím Jónsson málara. Á Möðruvöllum er eitt mesta safn gamalla legsteina í Eyjafirði. Kirkjurnar í Svarfaðardal eru sviplíkar, allar þrjár með forkirkju undir rislitlu þaki. Í **Tjarnarkirkju** eru sex steindir gluggar eftir Valgerði Hafstað myndlistarkonu og í **Urðakirkju** prédikunarstóll, smíðaður og málaður af Jóni Hallgrímssyni málara. **Ólafsfjarðarkirkja** er með síðustu steinsteypukirkjum sem Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði. **Vallakirkja** var endurbyggð eftir bruna 1996 en **Kvíabrekkukirkja** biður endurgerðar.

Í innanverðum Eyjafirði er **Saurbæjarkirkja** stærst þeirra torfkirkna, sem enn standa, smíðuð 1858 af Ólafi Briem, sem einnig smíðaði **Hólakirkju**. **Munkaþverárkirkja** og **Minjasafnskirkja** á Akureyri sem áður stóð á Svalbarði, eru með elstu timburkirkjum landsins, báðar smíðaðar fyrir miðja 19. öld af Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni, sem einnig hafði forsögu um smíði **Lögmannshlíðarkirkju**. Í **Möðruvallakirkju**, sem Flóvent Sigfússon smíðaði, er alabastursbrík frá 15. öld, á Hólum og Munkaþverá kaleikar og patínur sem gullsmíðirnir Sigurður Oddsson og Þorgrímur Tómasson smíðuðu, og í Lögmannshlíð prédikunarstóll, málaður af Jóni Hallgrímssyni málara. **Grundarkirkja** er ein glæsilegasta timburkirkja landsins, fagurlega skreytt hið innra, hana lét Magnús Sigurðsson reisa á eigin kostnað 1904-1905. **Akureyrarkirkja** er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, í henni eru sjö lágmyndir eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, ásamt frumteikningum og uppmælingarteikningum, sem gerðar voru í tilefni útgáfunnar. Bækurnar eru gefnar út með styrk frá Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Höfundar efnis eru Agnes Stefánsdóttir, Finnur Birgisson, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Guðrún M. Kristinsdóttir, Gunnar Bollason, Haraldur Þór Egilsson, Hjörleifur Stefánsson, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Kristinn Magnússon, Kristín Huld Sigurðardóttir, Magnús Skúlason, Pétur H. Ármannsson, Sigríður Hafstað, Stefán Örn Stefánsson og Þóra Kristjánsdóttir.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd, Biskupsstofa, Minjasafnið á Akureyri og Byggðasafn Dalvíkur.



Bindi nr. 11 – 12

Kjalarnessprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-236-5
373 og 367 bls.

Hér er fjallað um hinar 16 friðuðu kirkjur í *Kjalarnessprófastsdæmi*. Formáli fyrir verkinu er í 11. bindi og viðeigandi skrár fyrir bæði bindin í því 12. Hér er því um eitt heildstætt verk að ræða, gefið út með styrk frá Kjalarnessprófastsdæmi árið 2008.

Landakirkja er með elstu kirkjum landsins, teiknuð af danska húsameistararnum G.D. Anthon og reist 1774-1778. Hún á marga gripi frá 17. öld og altarástöflu eftir danska málara G.T. Wegener.

Krýsuvíkirkirkja, smíðuð 1857, var ein minnsta kirkja landsins og tilheyrði húsasafni Þjóðminjasafns. Hún var brennd til grunna í ársbyrjun 2010, en ný verður reist eftir teikningum sem gerðar voru m.a. fyrir þessa útgáfu. **Kirkjuvogskirkja** er elst kirkna á Suðurnesjum; í henni er altarástafla eftir Sigurð Guðmundsson málara, eins og raunar einnig á Hvalsnesi og Kálfatjörm. Í **Útskálakirkju**, sem Einar Jónsson forsmiður smíðaði, er kaleikur og patína eftir Ásbjörn Jacobsen gullsmíð, en smíðisgripi hans má sjá í fleiri kirkjum prófastsdæmisins. Kirkjurnar á **Hvalsnesi** og í **Njarðvík** reisti Magnús Magnússon steinsmiður; á Hvalsnesi er laskaður legsteinn sem séra Hallgrímur Pétursson mun hafa meitlað og sett dóttur sinni Steinunni. **Kálfatjarnarkirkja** er meistaraverk Guðmundar Jakobssonar forsmíðs, fagurlega máluð hið innra af N.S. Berthelsen. Í **Keflavíkirkirkju**, sem teiknuð er af Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara, er altarástafla eftir Ásgrím Jónsson listmálara.

Bessastaðakirkja var að mestu reist 1777-1795. Greint er frá húsameistararnum sem fram að þessu hefur verið óþekktur. Upphaflegar innréttingar eru varðveittar á Þjóðminjasafni. Í kirkjunni er tígulegt minningarmark yfir Pál Stígsson hirðstjóra. **Brautarholtskirkja** og kirkja sú er áður stóð á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, *Saurbæjarkirkja*, eru báðar smíðaðar af Eyjólf Þorvarðarsyni, forsmíð frá Bakka. Við endurvígslu hennar í Vindáshlíð 1959 var henni gefið nafnið **Hallgrímskirkja í Vindáshlíð**. Í Brautarholti er prédikunarstóll frá 1664, í **Lágafellskirkju** altarástafla eftir Sigurð Guðmundsson málara. Í **Reynivallakirkju**, sem Einar Jónsson forsmiður smíðaði, er skímarfat úr tini frá 1704 og kertastjakar frá svipuðum tíma. **Saurbæjarkirkja** er önnur elsta steinsteypukirkja landsins, reist 1904, en innansmíðin er frá 1856; hún á merka gripi frá 17. öld, m.a. kertastjaka og hurðarhring. **Frikirkjan í Hafnarfirði** er síðasta tvílofta timburkirkjan sem reist var á landinu. Í **Hafnarfjarðarkirkju**, sem Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði, eru fagrir altarisgripir eftir Leif Kaldal gullsmíð.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem ljósmyndarnir Ívar Brynjólfsson á Þjóðminjasafni og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, hafa tekið, ásamt frumteikningum og uppmælingarteikningum, sem gerðar voru í tilefni útgáfunnar.

Höfundar efnis eru Guðmundur L. Hafsteinsson, Gunnar Bollason, Gunnar Kristjánsson, Jón Þ. Þór, Júlíana Gottskáldsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Þór Magnússon.

Þjóðminjasafn, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa og Kjalarnessprófastsdæmi.



Bindi nr. 13 – 14

Borgarfjarðarprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-247-1
368 og 335 bls.

Bækurnar um hinar 15 friðuðu kirkjur í *Borgarfjarðarprófastsdæmi* voru gefnar út árið 2009.

Akraneskirkja Guðmundar Jakobssonar forsmíðs, er prýdd altarástöflu Sigurðar Guðmundssonar málara. **Fitjakirkja** er með minnstu kirkjum landsins; fallega endurgerð og geymir m.a. klukku frá síðmiðöldum. Í **Gilsbakkakirkju** er altarástafla eftir Ásgeir Bjarnþórsson listmálara, í garðinum rúnalegsteinn frá fyrri hluta 15. aldar.

Hvanneyrarkirkja er meistaraverk Rögnvalds Ólafssonar húsameistara í nýgotneskum stíl, með altarástöflu Brynjólfs Þórðarsonar listmálara. Í **Innra-Hólmskirkju** getur að líta bernskan útskurð kirkjusmíðsins Jóns Mýrdal, altarástöflu eftir Jóhannes Kjarval og minningarmark yfir Björn Markússon lögmann. Í **Leirárkirkju** Rögnvalds Ólafssonar, er kaleikur og patína eftir Sigurð Þorsteinsson gullsmíðameistara. **Reykholtskirkja** eldri, smíðuð af Ingólfi Guðmundssyni forsmíð, tilheyrir nú húsasafni Þjóðminjasafns. Í garðinum eru margir fagurlega meitlaðir Húsafellslegsteinar. **Stóra-Áskirkja** er gott dæmi um fallega timburkirkju sem fengið hefur vandaða endurgerð. **Akrakirkja** er teiknuð af Guðmundi Jakobssyni forsmíð og smíðuð af Eiríki Kúld Jónssyni sem einnig málaði kirkjuna að innan. **Álftaneskirkja** er teiknuð og smíðuð af Baldri Benediktssyni forsmíð, þar er altarástafla eftir Sigurð Guðmundsson. **Álftartungukirkja** er elst kirkna í prófastsdæminu, smíðuð árið 1873. Þar er altarástafla eftir Ásgeir Bjarnþórsson listmálara, kaleikur og patína frá fyrri hluta 16. aldar. **Borgarkirkja**, smíðuð 1880, hefur nýlega hlotið vandaða endurgerð. Hana prýðir altarástafla eftir enska listamanninn W.G. Collingwood og fallegur gamall patínudúk; meðal minningarmarka er merkilegur Garðalegsteinn frá lokum 17. aldar. **Hjarðarholtskirkja** er smíðuð af Árna Þorsteinssyni forsmíð í sveitserstíl og sómir sér vel í nýlegri endurgerð. Í henni er óvenjuleg, dönsk altarástafla frá miðri 18. öld, máluð á tvo tréfléka sem fella má saman, kirkjuklukka frá síðmiðöldum og kaleikshluti ásamt patínu frá 16. öld. Í **Hvammiskirkju**, sem Björn Þorláksson forsmiður smíðaði, eru altarisgripir úr silfri eftir Eggert Guðmundsson gullsmíð. Þá eru í bókinni færð að því rök að Magnús Árnason forsmiður sé höfundur **Stafholtskirkju** sem prýdd er hvolfþaki hið innra og altarástöflu eftir Einar Jónsson myndhöggvara.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda af kirkjunum, kirkjumunum og minningarmörkum, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, ásamt gömlum og nýjum teikningum af kirkjunum.

Höfundar efnis eru Björk Ingimundardóttir, Geir Waage, Guðrún Sveinbjarnardóttir, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Gunnar Bollason, Lilja Árnadóttir og Sigríður Björk Jónsdóttir.

Þjóðminjasafn, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa og Borgarfjarðarprófastsdæmi.



Bindi nr. 15 – 16

Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-258-7

313 og 341 bls.

Hér er fjallað um 14 friðaðar kirkjur í *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi* auk tveggja í *Vestfjarðaprófastsdæmi*. Komu bækunar út árið 2010.

Í **Bjarnarhafnarkirkju** Sigurðar Sigurðssonar forsmiðs er fögur altarisstafla eftir hinn víðþekktu danska málara C.W. Eckersberg. **Búðakirkja** er með elstu timburkirkjum landsins, fagurt mannvirki utan sem

innan. **Ingjaldshólskirkja** er elsta steinsteypukirkja landsins, teiknuð af Jóni Sveinssyni forsmið. Í henni eru þrjár altaristöflur, ein þeirra eftir Þórarín B. Þorláksson listmálara. **Helgafellskirkja** og **Setbergskirkja** eru verk Sveins Jónssonar forsmiðs frá Djúpadal, sú fyrrnefnda reisuleg með turni í nýgotneskum stíl, sú síðarnefnda tumlaus en framúrskarandi sniðföst. **Rauðamelskirkja** er lítil en snotur, grunnflötur hennar ferningur sem er fáheyrð í íslenski kirkjusmið. Í **Staðarhrauns-kirkju** er altarisstafla eftir Barböru Árnason listmálara, merkir altarisstjaker frá því um 1300, kaleikur frá seinni hluta 15. aldar og forkunnar fagur ljósahjálmur frá 1616. **Stykkishólmskirkja** eldri er stílhrein bygging eftir Helga Helgasonar forsmið, fallega endurgerð og prýdd altaristöflu eftir Amgrím Gíslason málara sem Kristján Eldjárn hefur talið eitt allra besta verk hans.

Dagverðarneskirkja, sem byggð var 1934 úr viðum eldri kirkju, á ýmsa merka gripi, m.a. altarisstjaka frá 15. öld og tvær gamlar altaristöflur. **Hjarðarholtskirkja** er meistaraverk Rögnvalds Ólafssonar húsameistara í sveitserstíl, þar er altarisstafla eftir danska málaran V.J. Rosenstand. **Hvammiskirkja** er frumraun Guðmundar Jakobssonar forsmiðs í kirkjusmiðum en hann varð síðar mikilvirkur á því sviði, bendir margt til þess að hann hafi einnig teiknað **Staðarhólmskirkju**. Í þeirri fyrrnefndu eru kirkjuklukkan frá því fyrir eða um 1300, í hinni síðarnefndu prédikunarstóll frá 1738 með máluðum, bernskum myndum af Kristi og guð-spjallamönnum eftir óþekktan Dalamann. **Narfeyrarkirkja** var smíðuð 1899 eftir að kirkjur þar fuku tvívegis af grunni, fyrst 1888 og enn 1898. Hún er vel búin gömlum gripum en marga þeirra gaf Guðmundur ríki Þorleifsson um aldamótin 1700. Af kirkjulist **Skarðskirkju** ber bríkina hæst, erlent verk frá því um 1500, gamlan prédikunarstól, sem í senn er altarisstafla, forlata kaleik í gotneskum stíl og útskurð eftir Skúla Illugason af ætt Guðbrands Hólabiskups. Í **Snóksdalskirkju** eru altarisstjaker frá 14. öld og kaleikur og patína frá fyrri hluta 16. aldar. Í **Staðarfellskirkju**, sem Guttormur Jónsson forsmiður smíðaði, er klukka frá því fyrir 1300 og önnur jafngömul í sálhliði.

Bækunar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið af kirkjunum ásamt frumteikningum og uppmælingarteikningum, sem gerðar voru í tilefni útgáfunnar.

Höfundar efnis eru Árni Björnsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Þór Magnússon.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.



Bindi nr. 17

Rangárvallaprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-289-1

349 bls.

Í þessu 17. og staka bindi ritraðarinnar er sagt frá átta kirkjum í *Rangárvallaprófastsdæmi*, sem nú er hluti af nýju Suðurprófastsdæmi. Bókin var gefin út með styrk frá prófastsdæminu árið 2011.

Krosskirkja, sem er með elstu timburkirkjum landsins, reist 1849-1850, á ýmsa merka gripi, m.a. danska altaristöflu frá 1650 og altari eftir Ámunda Jónsson smið í Syðra-Langholti. Í **Keldnakirkju**,

sem Halldór Björnsson forsmiður smíðaði, er forlata altarisstafla eftir Ámunda og önnur eftir danska listmálaran Anton Dorph, einnig þrjár fornar kirkjuklukkan. Í **Árbæjarkirkju**, verki Hjartar Oddssonar snikkara, er altarisstafla eftir Þorstein Guðmundsson frá Hlíð. Önnur tafla eftir Þorstein prýðir **Hagakirkju** sem smíðuð var af Sigurði Árnasyni forsmið. **Marteinstungukirkju** smíðaði Sigurður Guðbrandsson, þar er altarisstafla eftir Anker Lund, gjöf frá Lovísu drottningu Friðriks VIII Danakonungs. Í **Hlíðarendakirkju**, sem Sigurður Ólafsson teiknaði og smíðaði, er kaleikur með gotnesku lagi og patína með grafinni mynd sem sýnir heilaga þrenningu. Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði **Breiðabólstaðarkirkju** og **Akureyjarkirkju**. Í þeirri fyrrnefndu er altarisstafla eftir Sigurð Guðmundsson málara og forn silfurkaleikur, sem sagður er hafa lækningamátt, og patína, er kann að vera frá 14. öld; í þeirri síðarnefndu kaleikur og patína eftir Magnús Eyjólfsson silfursmið.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, og teikningum af kirkjunum átta.

Höfundar efnis eru Svavar Sigmundsson, Júlíana Gottskálksdóttir, Þóra Kristjánsdóttir, Guðmundur L. Hafsteinsson og Hjörleifur Stefánsson.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa og Suðurprófastsdæmi.



Bindi nr. 18 – 19

Reykjavíkúrprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-292-1
278 og 229 bls.

Í þessum bindum, hinu 18. og 19., er sagt frá samtals sjö friðuðum kirkjum í *Reykjavíkúrprófastsdæmum*, útgefnu 2012. Sérstaklega er getið horfinna kirkna, 12.–14. aldar guðshúsum sem voru skjól helgrar þjónustu, áttu sína grafreiti en féllu síðan í gleymsku, jafnvel svo að engin merki sjást lengur um þær. Þetta er forvitnileg umfjöllun um kirkjurnar í Engey, Þerney, Gufunesi, Breiðholti og Hólmi.

Dómkirkjan er með elstu kirkjum landsins, upphaflega teiknuð af danska húsameistararum Andreas Kirkerup og reist 1787-1796. Á árunum 1847-1848 var hún hækkuð og byggð við hana kór og forkirkja eftir uppdráttum Lauritz A. Winstrup sem fyrstur danskra húsameistara heimsótti Ísland til að ráðslaga um framkvæmdir. Merkustu gripir hennar eru ótvírátt skímarfontur úr marmara eftir Bertel Thorvaldsen og altarástafla eftir danska listmálarann Gustav Theodor Wegener. **Frikirkjan** var einnig byggð í áföngum: Sigvaldi Bjarnason forsmiður smíðaði hana 1902-1903, tveimur árum síðar var hún lengd eftir uppdráttum Rögnvalds Á. Ólafssonar húsameistara og 1924 var byggður við hana kór. Auk altarástöflunnar, sem er máluð eftir þekktri töflu Carls H. Bloch, setur útskurður Stefáns Eiríkssonar myndskera mikinn svip á kirkjunni hið innra. **Kristskirkja** í Landakoti, reist 1926-1929, er glæsilegt byggingarlistaverk eftir Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, þar sem íslensk minni, burstir og stuðlaberg, eru ofin saman við gotnesk stíleinkenni. Af ríkulegri kirkjulist ber hæst Maríulíkneski frá 14. eða 15. öld, sem gæti verið íslenskt verk, Kristsmýnd eftir Campaña frá Barcelona og stóra útskorna töflu eftir ítalska myndskerann Filippo Noflaner.

Viðeyjarkirkja er næstelsta kirkja landsins, hlaðin úr kalklímdu íslensku grjóti, teiknuð af ónafngreindum dönskum húsameistara og reist 1768-1774. Ásamt Viðeyjarstofu nýtur hún sín vel eftir vandaða aðalviðgerð sem fram fór 1987-1988. Hún skartar elstu kirkjuinnréttingum landsins, kaleik og patínu eftir Sigurð Þorsteinsson gullsmíðameistara og altarásbúnaði eftir Leif Breiðfjörð og Sigríði G. Jóhannsdóttur. **Torfkirkjan í Árbæjar-safni** er forn að stofni, en byggð 1959-1961 úr viðum gömlu Silfrastaðakirkju í Skagafirði sem Jón Samsonarson forsmiður smíðaði 1842. Hún myndar fallega heild með gömlu bæjarhúsunum í Árbæ. **Laugarneskirkja** var reist á árunum 1941-1949 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins. Hún er heilsteypt verk, í senn formfögur og tignarleg, og ber einkenni funksjónalismans. Árið 1989 hlaut hún velheppnaða endurbót hið innra. **Neskirkja** er tímamótaverk í íslenskri byggingarlistasögu, fyrsta nútímakirkjan héraendis sem mótuð var af eiginleikum efnisins og notagildi. Eftir að hafa unnið samkeppni um kirkjuteikninguna 1943 gerði Ágúst Pálsson arkitekt teikningar að minni kirkju, án þess þó að kollvarpa hugmynd sinni. Bygging kirkjunnar, sem lauk ekki fyrr en 1957, olli miklum deilum þar sem tekist var á um hefðbundna formhugsun og móðernisma. Frá þessu öllu er sagt á ítarlegan hátt í bókinni.

Bækurnar eru sem fyrr prýddar fjölda ljósmynda, sem þeir Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, og Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hafa tekið, og teikningum af kirkjunum, ýmist frumteikningum eða uppmælingarteikningum.

Höfundar efnis eru Þórir Stephensen, Gerður Róbertsdóttir, Gunnar F. Guðmundsson, Drífa Kristín Þrastardóttir, Júlíana Gottskálksdóttir, Pétur H. Ármannsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa og Minjasafn Reykjavíkur.



Bindi nr. 20

Austfjarðaprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-301-0
379 bls.

Í þessu 20. og staka bindi er sagt frá ellefu kirkjum í *Austfjarðaprófastsdæmi*, sem nú er hluti af hinu nýja Austurlandsprófastsdæmi. Bókin kom út 2012.

Meðal muna **Berufjarðarkirkju**, sem Haraldur Ó. Briem smíðaði, eru prédikunarstóll og altarásklæði hreinar gersemar. **Beruneskirkja**, sem Þorgrímur Jónsson smíðaði, á sjaldgæfa söngtöflu úr flögusteini. **Kolfreyjustaðarkirkju** smíðaði Finnbogi Sigmundsson, þar er klukka frá því um 1300. Auk uppbyggingar á

Papeyjarkirkju, sem að stofni er frá 19. öld, smíðaði Lúðvík J. Jónsson **Djúpavogskirkju** og **Hofskirkju** í Álfafirði, þá síðarnefndu prýðir altarástafla eftir danska listmálarann Carl Rudolf Fiebig. Önnur dönsk altarástafla eftir Hans W. Holm er í **Brekukirkju** í Mjóafirði sem Ólafur Ásgeirsson smíðaði. Sveitungr hans Vigfús Kjartansson reisti **Norðfjarðarkirkju** sem m.a. á gamlan prédikunarstól úr Skorrastaðarkirkju. **Eskifjarðarkirkja** er teiknuð af dönskum verkfræðingi og hefur á sér norrænt yfirbragð. Í **Fáskrúðsfjarðarkirkju** er altarástafla eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, **Reyðarfjarðarkirkja** á góða gripi úr Hólmakirkju, m.a. kaleik og patínu frá 1709. Báðar síðasttöldu kirkjurnar eru teiknaðar af Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, og teikningum af kirkjunum ellefu, ýmist frumteikningum eða uppmælingarteikningum.

Höfundar efnis eru Hjörleifur Guttormsson, Júlíana Gottskálksdóttir, Lilja Árnadóttir, Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Hjörleifur Stefánsson, Magnús Skúlason og Páll V. Bjarnason.

Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa.



Bindi nr. 21 – 22

Þingeyjarprófastsdæmi

ISBN 978-9979-66-308-9
358 bls. og 379 bls.

Hér er sagt frá 17 kirkjum í *Þingeyjarprófastsdæmi*, sem sameinað var Eyjafjarðarprófastsdæmi árið 2010 en áður hefur verið fjallað um kirkjur þar í þessari ritröð. Útgefið í maí 2013.

Í **Illugastaðakirkju**, sem Jón Sigfússon á Sörla-stöðum smíðaði, er prédikunarstóll eftir Guðmund Guðmundsson frá Bjarnastaðahlíð. Árni Hallgrímsson frá Garðsá smíðaði **Einarstaðakirkju** sem á fagurt íslenskt altarisilfur frá 17. öld. Steinhliðönu

Lundarbrennukirkju, sem Jakob Frímánn Brynjólfsson teiknaði, prýðir altaristafla eftir Ásgrím Jónsson listmálara. **Flateyjarkirkja** var upphaflega byggð á Brettingsstöðum en flutt í eyna um miðja tuttugustu öld og endurbyggð í breyttri mynd af Björgvini L. Pálssyni. **Ljósavatnskirkju** reisti Björn Jóhannesson bóndi á Ljósavatni en **Skútustaðakirkja** er verk Þórarins Benjamínssonar frá Akurseli. **Grenivíkurkirkja**, sem Snorri Jónsson á Akureyri smíðaði, hýsir muni eftir Valtý Pétursson listmálara. **Hálskirkja** og **Laufáskirkja** eru hugverk Tryggva Gunnarssonar forsmíðs og síðar bankastjóra; í þeirri fyrrnefndu er kirkjuklukka frá miðöldum, í þeirri síðarnefndu getur meðal annars að líta forkunnarfagan, útskorinn prédikunarstól sem Illugi Jónsson bóndi í Nesi í Höfðahverfi við Eyjafjörð smíðaði 1698.

Svalbarðskirkja er með elstu timburkirkjum landsins, reist 1848 af Gísla Þorsteinssyni timbursmið, í henni er dönsk vængjatafla frá 17. öld. Í **Skinnaðarkirkju**, sem Þórarinn Benjamínsson frá Akurseli smíðaði, er upphafleg skrautmálning eftir Amgrím Gíslason málara og skímarfontur eftir Ágúst Sigurmundsson myndskera. Árni Hallgrímsson frá Garðsá smíðaði kirkjuna á **Grenjaðarstað**, hún á altarisstjaka úr tinni frá 17. öld. **Sauðaneskirkja** á Langanesi, sem Björgólfur Brynjólfsson snikkari teiknaði, skartar merkilegum prédikunarstóli frá 1765. Steinkirkjuna á **Þverá**, verk Jakobs Frímáns Brynjólfssonar, prýðir undurfögur altaristafla eftir Amgrím Gíslason málara. Timburkirkjan í **Garði**, sem Stefán Erlendsson í Ólafskerði byggði, var hjúpuð steinsteypu um miðja síðustu öld, þar er altaristafla eftir alþýðumálarann Sveinunga Sveinungason. **Neskirkja** í Aðaldal er dæmigert sveitserhús og blæfögur utan sem innan, forsmíður hennar var Eiríkur Þorbergsson. **Húsavíkurkirkja** er stærsta krosskirkjan sem Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði, sannkallað byggingarlistaverk og kórónan á lífsstarfi hans. Í henni getur að líta altaristöflu eftir Svein Þórarinsson og tréskurðargrípí eftir Jóhann Björnsson.

Bækurnar eru prýddar fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, og teikningum af kirkjunum. Bækurnar eru gefnar út með styrk frá Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Höfundar efnis eru Björn Ingólfsson, Haraldur Þór Egilsson, Hjörleifur Stefánsson, Hörður Ágústsson, Möður Árnason, Sigrún Kristjánsdóttir, Sverrir Haraldsson og Völundur Óskarsson.

Þjóðminjasafn, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Minjasafnið á Akureyri og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Á næstu árum munu eftirtalin rit koma út:

Vor 2014: Bindi 23 fjallar um tíu friðaðar kirkjur í Skaftafellsprófastsdæmi.
Vor 2015: Bindi 24 og 25 fjalla um þrettán kirkjur í Múlaprófastsdæmi.
Haust 2016: Bindi 26, 27 og 28 fjalla um 28 kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi.

Í **bindi 23** verður fjallað um 10 friðaðar kirkjur í **Skaftafellsprófastsdæmi**: Brunnhólskirkju á Mýrum, bænhúsið á Núpsstað, Grafarkirkju í Skaftártungu, Hofskirkju í Öræfum, Kálfafellskirkju, Langholtskirkju í Meðallandi, Prestbakkakirkju, Skeiðflatarkirkju, Stafafellskirkju í Lóni og Þykkvabæjarklausturskirkju.

Höfundar efnis eru Arnþór Gunnarsson, Gunnar Bollason, Björg Erlingsdóttir, Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Gísli Sverrir Árnason, Lilja Árnadóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Pétur H. Ármannsson, Sigþór Sigurðsson, Svavar Sigmundsson og Þórður Tómasson.

Í **bindum 24 og 25** verður fjallað um 13 friðaðar kirkjur í **Múlaprófastsdæmi**: Áskirkju í Fellum, Eiríksstaðakirkju, Hofskirkju í Vopnafirði, Hofteigskirkju, Kirkjubæjarkirkju í Hróarstungu, Skeggiastaðakirkju við Bakkafjörð og Vopnafjarðarkirkju. Bakkagerðiskirkju, Eiðakirkju, Hjaltastaðakirkju, Klyppstaðarkirkju, Seyðisfjarðarkirkju og Þingmúlakirkju í Skriðdal.

Höfundar efnis eru Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Gunnar Bollason, Gísli Sverrir Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Hjörleifur Stefánsson, Lilja Árnadóttir og Pétur H. Ármannsson.

Í **bindum 26, 27 og 28** verður fjallað um 28 friðaðar kirkjur í **Vestfjarðaprófastsdæmi**: Bíldudalskirkju, Brjánslækjarkirkju, Eyrarkirkju á Patreksfirði, Gufudalskirkju, Hagakirkju, Sauðlauksdalskirkju, Saurbæjarkirkju á Rauðasandi, Selárdalskirkju, Staðarkirkju á Reykjanesi og Stóra-Laugardalskirkju. Holtskirkju í Önundarfirði, Hólskirkju í Bolungarvík, Hrafnseyrarkirkju, Hraunskirkju í Keldudal, Kirkjubóliskirkju í Valbjófsdal við Önundarfjörð, Mýrakirkju í Dýrafirði, Staðarkirkju í Staðardal við Súgandafjörð, Sæbólskirkju á Ingjalds-sandi og Þingeyrarkirkju. Eyrarkirkju í Seyðisfirði, Furufjarðarbænhús, Nauteyrarkirkju, Staðarkirkju í Aðalvík, Staðarkirkju í Grunnavík, Súðavíkurkirkju, Unaðsdalskirkju, Vatnsfjarðarkirkju og Ögurkirkju.

Höfundar efnis eru Árni Björnsson, Björn Baldursson, Einar Sigurbjörnsson, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Guðrún Edda Gunnarsdóttir, Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson, Jóna Símónía Bjarnadóttir, Júlíana Gottskálksdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Sigríður Björk Jónsdóttir, Stefán Örn Stefánsson, Valdimar H. Gíslason, Þór Hjaltalín og Þór Magnússon.

Lýkur þar útgáfu umfjöllunar um friðaðar KIRKJUR ÍSLANDS.

Útgáfuaðilar eru Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunamefnd og Biskupsstofa í samvinnu við minjasöfnin á hverju svæði. Frá og með 1. janúar 2013 hefur Minjastofnun Íslands tekið við hlutverki Húsafriðunamefndar. Efnt var til útgáfunnar í þeim tilgangi m.a. að minnast 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi.

Í ritröðinni er fjallað um allar þær kirkjur sem friðaðar eru samkvæmt lögum, alls 214 kirkjur. Það eru annars vegar allar kirkjur sem reistar eru fyrir 1918 og hins vegar kirkjur sem menntamálaráðherra hefur friðað að fengnum tillögum Húsafriðunamefndar. Með útgáfunni er lagður grunnur að framtíðarvarðveislu minjanna og þekkingu miðlað til þeirra sem áhuga hafa á hinum kirkjusögulega menningararfi.

Hér koma við sögu ótal hagleiksmenn fyrri tíðar, forsmiðir sem gerðu uppdrætti, trésmiðir sem sáu um grindarsmiði og klæðningu, steinsmiðir sem hlóðu grunna og meitluðu minningarmörk, járnsmiðir sem smíðuðu krossa og vindhana, málara og veggfóðrarar, snikkara og rennismiðir, gullsmiðir og görtlara, að ógleymdum öllum þeim hannyrðasteinkum sem prýddu kirkjurnar altarisdúkum, hekludum brúnum og patínudúkum og prestana höklum og stólum.

Flestar þær kirkjur, sem um er fjallað í ritröðinni Kirkjur Íslands, bera í dag blæ liðins tíma, en eitt sinn var á mörgum þeirra sannkallað nýjabrum. Fæstar þeirra voru smíðaðar eftir teikningum lærðra húsameistara, en engu að síður gerðar af hagleik og hugviti, jafnvel listrænum frumleik á stundum, og vitnuðu allar um einlæga framfarabrá kynslóðar sem miðaði í sameiningu að sjálfstæði þjóðarinnar. Því hefur verið haldið fram að guðsdýrkunin sé móðir allra lista og hátindur listarinnar, á hvaða sviði sem er, tjáning á tilbeiðslu. Í fæstum tilvikum er vitað um trúrækni þeirra smíða, sem hér áttu hlut að máli, bænir þeirra eða afstöðu til almættisins, en sannfæri verk þetta einhverja lesendur um að þeir hafi ekki erfiðað til einskis, má segja að tilganginum séð náð.

Sölu og dreifingu annast:



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

